

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. mars 2023	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	BÞ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ), Díana Óskarsdóttir (DÓ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi:	Björgvin Víkingsson (BV)		

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. mars 2023

1. Fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar 2023

Fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar sl. samþykkt.

2. Endurmat á grunnmati

KMR fór yfir stöðuna á endurmati grunnmatsins á síðasta samráðsfundi. KS gerði grein fyrir helstu atriðum. Heilt yfir virðist sem þökkalegt samræmi sé í kerfinu. Þó eru nokkur atriði sem vert er að skoða nánar, t.d. lendir nokkuð hátt hlutfall á milli skilgreindra þrepa innan flokkanna. Á það sérstaklega við innan færni og stjórnunar þáttarins. Skoða mætti hvort tilefni sé til að fjölga flokkum. Nokkrar umræður spunnust um næstu skref, svo sem hvort tilefni sé til þess að skoða nánar laun forstöðumanna í nágrannaríkjunum og hvort félagið ætti að fá sérfræðing til þess að greina þetta nánar.

3. Frammistöðumat – persónubundin laun

Fundarmenn sammála um að frammistöðumat verði að skoða samhliða skoðun á stöðu grunnmatsins. Horfa mætti til danska eða norska kerfisins að þessu leytnu. Nokkuð skiptar skoðanir komu fram um það hvort fagráðuneyti séu í stakk búin til að annast þennan þátt.

4. Fræðslumál forstöðumanna

Fræðslumál forstöðumanna hafa verið til umræðu á samráðsfundum KMR og FFR; annarsvegar fræðsla fyrir nýja forstöðumenn og hins vegar skipulag fræðslu/símenntunar fyrir alla forstöðumenn. Framundan eru þrjár vinnustofur fyrir nýja forstöðumenn, með nokkuð breyttu sniði frá því sem áður hefur verið og hefur KMR boðið fulltrúum FFR að sækja þær.

5. Aðalfundur 2023

Ákveðið að aðalfundur ársins 2023 verði haldinn miðvikudaginn 17. maí næstkomandi. AH mun hafa samband við kjörnefnd vegna stjórnarkjörs og annast aðra skipulagningu.

6. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

7. Önnur mál

KS og AH sátu nýlega fund með fulltrúum umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis vegna sameininga/skipulagsbreytinga á stofnunum ráðuneytisins. Á fundinum kynntu fulltrúar ráðuneytisins tillögu um nýtt skipulag stofnana þess ásamt því að kynna markmið og tímalínu verkefnisins. FFR lagði ríka áherslu á nauðsyn samráðs við forstöðumenn í öllu ferlinu sem og að starfslok forstöðumanna stofnana sem lagðar verða niður verði í samræmi við Stjórnendastefnu ríkisins.